

# Borgin hefur vanrækt viðhald

Eftir Eyþór Arnalds

Talið er að það kosti að jafnaði 4 krónur að fresta eðlilegu viðhaldi upp á 1 krónu. Það er því skammgóður vermir að fresta því að gera við. Vermir jafnvel enn skemur en þegar pissað er í skóinn sinn sér til hita. Vanrækt viðhald er ekkert annað en dýrt lán á vöxtum. Nú hefur komið fram að skóla- starf í Fossvogsskóla hefur raskast og húsið verið rýmt. Rakaskemmdir og myglu er að finna í mörgum öðrum byggingum borgarinnar. Með-



Eyþór Arnalds

vituhúð ákvörðun um að fresta viðhaldi var tekin fyrir átta árum síðan. Þessi frestun svaraði borginni marga milljarða, en samkvæmt þekktari reiknireglu má segja að þetta sé eitt dýrasta lán sem hægt er að taka. Ef þakið lekur og ekki er gert við það fylgja raka-skemmdir, fúkki og mygla ásamt óskemmtilegum fylgiskemmdir og sparar var í viðhaldi í skólabyggingum var ákveðið að fjárfesta í bragganum í Nauthólsvík og

öðrum ólögbundnum gæluverkefnum á borð við pálmatré í gleri.

Eftir höfðinu dansa limirnir

Sama á við um dótturfélög borgarinnar. Félagsbústaðir hafa vanmetið viðhaldsþörf íbúða í eigu félagsins. Nýlega leiddi úttekt innri endurskoðunar Reykjavíkurborgar í ljós að viðgerðir á íbúðum í Írabakka fóru 330 milljónum fram úr áætlun. Hætta er á að viðhaldsþörf annarra íbúða í eigu félagsins sé vanmetin. Frægasta dæmið er þó aðalstöðvar Orkuveitu Reykjavíkur, hús sem talið er nær ónýtt. Enn er óljóst hvað olli þessu gríðarlega tjóni en viðhaldi kann að vera um að kenna. Við sjáum dæmi um vandamál með fráveitu, kalda

» Það er akkúrat enginn sparnaður í því að fresta nauðsynlegu viðhaldi. Þvert á móti er ámælisvert að trassa það.

vatnið og nú síðast skort á heitu vatni. Ljóst er að teft er á tæpasta vað í endurnýjun innviða og viðhaldi. Það er akkúrat enginn sparnaður í því að fresta nauðsynlegu viðhaldi. Þvert á móti er ámælisvert að trassa það. Fossvogsskóli er skólabókardæmi um það. Við það bætist svo vandi foreldra, barna og kennara, þegar skóla-

húsið er ekki til staðar, og sá kostnaður sem fylgir atvinnutapi þeirra foreldra sem verða að vera heima með börnunum vegna þessa. Þörf er á heildarúttekt á viðhaldi borgarinnar og höfum við lagt til að hún fari fram. Fyrst þarf að kanna ástandið á skóla- húsnæði borgarinnar og svo öllu húsnæði borgarinnar. Í ljós hefur komið að fyrirbyggjandi úttektir hafa ekki verið í lagi. Heilbrigðiseftirlitið gaf húsnaði Fossvogsskóla næsthæstu einkunn í úttekt sinni í nóvember. Premur mánuðum síðar er það talið óhæft til kennslu. Það kann víðar að vera mygla í mosanum hjá borginni.

Höfundur er oddviti Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík.

# Styrkjasnillingur svarar samningaglóp

Eftir Hannes Hólmsteinn Gissurarson

Fyrir mörgum árum fengum við Arní heitinn Vilhjálmsson, prófessor og útgerðarmaður, dr. Benjamín Eiríksson bankastjóra til að snæða með okkur og rabba við okkur um líf sitt og starf. Benjamín lék á als oddi og hafði frá mörgu að segja. Þegar liðið var á kvöld, rifjaði Arní upp gamansögu, sem Ólafur Jónsson, kenndur við Oddhól, hafði sett á bók. Benjamín hafði í bankastjóratið sinni lánað Ólafi fyrir andabúi og vildi eitt sinn skoða framkvæmdirnar. Endur Ólafs voru talstvert færri en hann hafði gefið upp í áætlunum, og brá hann á það ráð að eigin sögn að láta þær trítla nokkra hringi í kringum hús búnsins, svo að þær virtust miklu fleiri en raun var á, og blekkti með því bankastjóran. Arní spurði Benjamín, hvort eitthvað væri hæft í þessari sögu. Benjamín brást hinn verst við og sagði, að hún væri fáránlegur uppsuni.

Góð saga, en ekki sönn

Eftir að við höfðum ekið Benjamín heim til sín, kímdu við Arní yfir því, að hinn hálarði bankastjóri skyldi komast í uppnám yfir þessari meinausu gamansögu. Auðvitað var hún ekki sönn, heldur alþjóðleg flökkusaga. Okkur fannst Benjamín óþarflega viðkvæmur fyrir henni. Líklega ætti líka að brosa að gamansögu frá Helga Magnússyni fjárafraflamanni í nýútkominni ævisögu, sem Björn Jón Bragason skrifaði eftir honum: „Einum manni tókst þó að leika á okkur og sýndi með því „snilli“ sína. Hannes Hólmsteinn Gissurarson, stjórnmalafraeðiprófessor, kom til fundar við okkur Orra Hauksson, framkvæmdastjóra SI, og kynnti fyrir okkur verkefni sem hann nefndi „Græna hagkerfið“. Það snerist um að gera stutta kvikmynd um umhverfisvæna atvinnustarfsemi á Íslandi. Í fljótu bragði virtist þetta hafa yfir sér jákvæðan svip fyrir atvinnulífið þannig að við Orri féllumst á að SI styddi þessa framkvæmd um eina milljón króna. Nokkrum dögum síðar sat ég fund í framkvæmdastjórn SA. Þá segir Vilhjálmur Egilsson okkur frá því að hann hafi fallist á að styðja verkefni Hannesar Hólmsteins um eina milljón króna. Ég hrökk þá við og sagði að hann hefði fengið eina milljón frá Samtökum iðnaðarins og ég hefði haldið að það væri nægilegt. Þá hrópaði Friðrik Arngrímsson, framkvæmdastjóri LIÚ: „Andskotinn, hann kom líka við hjá okkur og náði milljón af LIÚ með sleipri sölu- mennsku!“ Ég hef engar spurnir haft af þessari fyrirhuguðu kvikmynd.“

Sagan er skemmtileg, en eins og stundum gerist um góðar sögur, er hún ekki sönn. Í árslok 2009 sneri ég mér til Friðriks Arngrímssonar, framkvæmdastjóra LIÚ (Lands- sambands íslenskra útvegsmanna),



Hannes Hólmsteinn Gissurarson

með hugmynd um samstarfsverkefni undir heitinu „Umhverfis- vernd, eignaréttindi og auðlindanýting“. Var erindið, að LIÚ aðstoðaði við verkefnið. Friðrik leist vel á, en taldi þurfa atbeina annarra atvinnurekenda- samtaka, SI (Samtaka iðnaðarins) og SA (Samtaka atvinnulífs- ins). Átti ég þá fund um málið með Helga Magnússyni, formanni

SI, og Jóni Steindóri Valdmarssyni, framkvæmdastjóra SI. Tóku þeir mér hið besta, og ákvað SI að taka þátt í verkefninu. SA varð einnig aðili að verkefninu, en reiddi af höndum talsvert minna fé, enda var þáverandi framkvæmdastjóri SA, minn góði vinur Vilhjálmur Egilsson, lítt útbær á fé. Er verkefnið rækilega lýst í skriflegum greinargerðum, sem ég sendi til þessara samstarfsaðila. Átti það að felast í ritgerðum mínum, málstofum, ráðstefnum, ekki síst alþjóðlegum, og bók eftir mig um „grænan kapitalisma“. Ég tók fram, að ég myndi reyna að taka upp erindi á ráðstefnum og vinna úr þeim og öðru efni heimildarmynd, en auðvitað að því gefnu, að nægt fé fengist til framleiðslu og slík mynd yrði tekin til sýningar í sjónvarpi. SI lagði fram fé til verkefnisins árin 2010 og 2011. Eins og segir í verklýsingu rann ekkert af þessu fé í minn vasa, heldur var það notað í sérfræðipjónustu, tölvu- vinnslu, ferðakostnað og annað slíkt og þætti ekki mikið.

Væri sagan hins vegar sönn, þá hefði Helgi Magnússon heldur betur samið af sér fyrir hönd SI og látið mig leika á sig. Hefur hann þó ósjaldan gortað af því og það jafnvel allsgáður, að hann sé einhver snjallasti samningamaður Íslands fyrir og síðar og gæti ætíð hagsmuna sinna og um- bjóðenda sinna út í ystu æsar. Nú stendur hann uppi að eigin sögn sem sannkallaður samningaglöpur í viðskiptum við mig, bragðarefni. Síðan held ég að visu, að ég verðskuldi ekki að heita styrkjasnillingur, en við hinu vil ég fúslega gangast, að ég er styrkjamaður: Ég hef hátt í hálfra öld lagt mig fram um að styrkja þau verðmæti, sem Íslendingum hafa dugað best í harðri lífsbaráttu á hrjóstrugri eyju langt úti á Ballarhafi. Sögnin að styrkja er mín sögn. Til dæmis skrifaði ég heila bók til varnar kvótakerfni, sem þá var að myndast, þegar Alþingi tók á dagskrá endurskoðun kerfisins vorið 1990, en þeirri endurskoðun lauk með heildstæðri löggjöf, sem reynst hefur farsæl. Ég barðist líka áratugum saman fyrir auknu atvinnufrelsi, sem gerði Helga Magnússyni og mörgum öðrum kleift að efnast, án þess að gróði þeirra yrði annarra tap. Best kom í ljós í því efnahagslega fávíðri, sem geisaði um allan heim árin 2007-2009 og kom illa niður á Íslendingum, hversu traustar undirstöður höfðu verið lagðar með um- bótum í frjálsræðisátt 1991-2004,

» Gamansaga Helga Magnússonar veitir mér þó tækifæri til að fara aðeins yfir, hvernig því verkefni var sinnt, sem SI, LIÚ og SA áttu aðild að.

sem ég átti vonandi einhvern þátt í að móta. Við vorum þeirra vegna fljót að rétta okkur við.

Hvernig var verkefnið af hendi leyst?

Gamansaga Helga Magnússonar veitir mér þó tækifæri til að fara aðeins yfir, hvernig því verkefni var sinnt, sem SI, LIÚ og SA áttu aðild að á sínum tíma og hófst árið 2011:

● Í 1. hefti 7. árg. *Þjóðmála* 2011 skrifaði ég um þokkafull risaðýr (charismatic megafauna) í ljósi frægrar smásögu Georges Orwells um, þegar hann skaut flínn.

● Í 2. hefti 7. árg. *Þjóðmála* 2011 skrifaði ég undir fyrirsögninni „Raddir vorsins fagna“ um hrakspár umhverfisöfgamanna og gagnstæðan dóm reynslunnar.

● 19. júní 2012 var haldin málstofa í Rio de Janeiro í tengslum við alþjóðlegu umhverfisráðstefnuna Rio+20, og þar tóluðum við Julian Morris, sérfræðingur Reason Foundation um eignarétt og umhverfisvernd.

● 27. ágúst 2012 flutti hinn heimskunni rithöfundur Matt Ridley fyrirlestur í Reykjavík um endurnýjunarmátt kapitalismans, en hann hafði samið metsölubókina *Heimur batnandi fer* (The Rational Optimist).

● Í 2. hefti 8. árg. *Þjóðmála* 2012 skrifaði ég um „göfuga villimenn“, en sú göðsögn er ein uppistaðan í áróðri umhverfisöfgamanna.

● 6. október 2012 var haldin alþjóðleg ráðstefna í Reykjavík um „fiskveiðar: sjálfbærar og arðbærar“, og á meðal fyrirlesara voru for- stöðumaður fiskveiðideildar FAO, Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna, sérfræðingur OECD, Efnahags- og samvinnu- stofnunarinnar, í fiskveiðum og sérfræðingur Alþjóðabankans um fiskveiðar og margir fræðimenn, þar á meðal prófessorarnir Rögnvaldur Hannesson, Þráinn Eggertsson og Ragnar Arnason. Skipulagði ég ásamt öðrum ráðstefnuna.

● 26. október 2012 flutti ég erindi á ráðstefnu Félagsvísindasviðs um peningalykt í íslenskum sjávar- þorpum í ljósi kenninga Pigous og Coases. Kom kaflinn út í ráðstefnu- riti sviðsins.

● Í 3. hefti 9. árg. *Þjóðmála* 2013 sagði ég frá alþjóðlegri ráðstefnu um þróunarkerfningu Darwins og um- hverfismál, sem ég sótti á Galapagos- eyjum vorið 2013.

● 14. október 2013 var haldin alþjóðleg ráðstefna í Háskóla Íslands í minningu Árna Vilhjálmssonar, og á meðal fyrirlesara voru einn kunnasti fiskihagfræðingur heims, prófessor

Ralph Townsend, og prófessor Ragnar Arnason. Skipulagði ég ráðstefnuna.

● Í október 2014 gaf Almenna bókafélagið út bók Matts Ridleys, *Heimur batnandi fer*, og sá ég um útgáfuna. Gerði Ridley sér ferð til Íslands og kynnti bókina á málstofu 30. október 2014.

● 24. október 2014 var haldin málstofa um auðlindaskatt og auðlegðar- skatt, þar sem við prófessorarnir Corbett Grainger og Ragnar Arnason fluttum erindi.

● 8. október 2015 var haldin alþjóðleg ráðstefna í Háskóla Íslands um fræðileg verk prófessors Rögnvalds Hannessonar, þar á meðal um bókina *Umhverfisöfuga* (Ecofundamentalism). Rögnvaldur flutti inn- gangsfyrirlestur, en Julian Morris og prófessor Bengt Kriström brugðust við. Skipulagði ég ráðstefnuna.

● Árið 2015 gaf Háskólaútgáfan út eftir mig bókina *The Icelandic Fisheries: Sustainable and Profitable*. Þar er rætt almennt um skynsamlega og réttláta auðlindanýtingu, en síðan sérstaklega um skipan fiskveiða á Íslandsmiðum. Er hún aðgengileg á Netinu.

● Í framhaldi af útkomu bókarinnar flutti ég þrjá fyrirlestra árið 2016 um umhverfisvernd og skipan fiskveiða: hjá Landssambandi per- úskra útvegsmanna í Lima 21. jan- úar, hjá atvinnumálaráðuneyti Perú í Lima 26. janúar og á málstofu IEA í Flórens 8. september.

● 29. ágúst 2016 var haldin alþjóðleg ráðstefna í Háskóla Íslands um sjónarmið við upphaflega út- hlutun veiðiréttinda. Töluðu þar meðal annarra prófessorarnir Gary Libecap, Ragnar Arnason og Charles Plott. Við Ragnar Arnason skipulögðu ráðstefnuna.

● 23. október 2017 gaf Almenna bókafélagið út bókina *Framfarir* (Progress) eftir Johan Norberg, og gerði höfundur sér ferð til Íslands í því skyni að kynna bókina sama dag. Er þar rætt um mörg stef í rannsókn- arverkefninu.

● Þá er komið að því, sem mikil- vægast er í þessu verkefni: Árið 2017 kom út hjál hugveitunni New Direc- tion í Brussel rit eftir mig um grænan kapitalisma, *Green Capitalism: How to Protect the Environment by Defining Private Property Rights*. Var það 69 bls. í stóru broti, væntanlega um 100 bls. í venjulegu bókarbroti. Þar eru meðal annars kaflar um hrakspár, mengun, regnskóga, lax- veiðiar, beitarréttindi til fjalla, afla- heimildir á Íslandsmiðum og nýtingu fila, nashyrninga og hvala. Kynnti ég ritið á alþjóðlegri ráðstefnu í Brussel 24. maí 2018, en meðal annarra fyr- irlesara var hinn heimskunni heim- spekingur Roger Scruton. Hélt ég þar meðal annars uppi vörnum fyrir makrilverðar og hvalveiðar Íslen- dinga. Jafnframt birti ég stuttar grein- ar í tímaritum í Brussel til kynningar efninu.

Ritið er aðgengilegt á netinu

Verkefnið teygði sig yfir lengra tímabil en ég hafði í upphafi gert ráð

fyrir, og nægir styrkir fengust því miður ekki til að gera heimildarmynd um það, eins og ég hafði vonast til. Ég tel þó, að allir hlutadeigendur, SI, LIÚ og SA, megi vel við una. Hefði skrasetjari Helga, Björn Jón Bragason, að ósekju mátt bera söguna góðu undir mig, en auðvitað hefði þá komið í ljós, að hún var ósönn. Ef menn vilja vera sagnamenn frekar en sagnarit- arar, þá hafa þeir vitaskuld það, sem best hljómar, ekki hitt, sem sannara reynist.

Í annað sinn í uppsláttarfrétt

Netritið Visir.is birti uppsláttar- frétt um þessa sögu Helga Magnús- sonar án þess að leita til mín um sannleiksgildi hennar. Svo ein- kennilega vill til, að þetta er í annað skiptið, sem ég rata í fjölmiðla vegna Helga. Árið 1986 höfðu nokkrir for- svarsmenn Hafskips, sem orðið hafði gjaldþrota árið áður, um skeið setið í gæsluvarðhaldi, þar á meðal Helgi, sem verið hafði endurskodaandi fé- lagsins. Ég hafði skrifað í tímarit: „Stjórnendur eða eigendur gjald- þrota fyrirtækja eru stundum fórn- arlömb utanaðkomandi aðstæðna, sem þeir hafa ekki séð fyrir eða vald- ið neinu um. Ég hef til dæmis grun um það, án þess að ég þekki mála- vöxtu nákvæmlega, að stjórnendur Hafskips hafi verið óheppnir, þótt þeir hafi ugglaut líka verið ógættnir.“ Þessi varfærnislegu orð þóttu slík óvinnna, að *Alþýðublaðið* sló þeim upp á forsiðu blaðs, sem dreift var í hvert hús í Reykjavík fyrir borgarstjórnarkosningarnar þá um vorið. Ætlaði Alþýðuflokkurinn í kosningabaráttunni að gera sér mat úr Hafskipsmálinu, þótt hann hefði að visu ekki erindi sem erfði. En á sama hátt og ég mælti fyrir frelsi Helga og annarra athafnamanna til að græða, svo framarlega sem þeir gangi ekki á rétt annarra, barðist ég einmitt fyrir rétti hans og þeirra líka til eðlilegrar málsmeðferðar. Ég tel, að forsvarsmenn Hafskips hafi ekki notið þessa réttar og fjölmiðlar og rannsóknaraðilar farið offari gegn þeim, enda voru þeir að lokum sýkn- aðir af öllum alvarlegustu ákærunum á hendur þeim. Ég var vorið 1986 hins vegar nánast einn um að verja þá opinberlega og kippti mér ekki upp við það, enda fer ég eftir orðum hinnar helgu bókar: „Þú skalt ekki fylgja fjöldanum til illra verka.“ Ef- laust hefur Helgi gegnt endurskoð- andaskýldum sínum af samviskusemi í Hafskipsmálinu og verið þar hafður fyrir rangri rök, eins og ég gat mér þá til um. En í mínu máli virðist hann helst hafa skoðað endur eins og þær, sem áttu að hafa trítlað nokkra hringi í kringum hús Ólafs á Oddhóli og hvergi voru til nema í gaman- sögum.

(Þeir Friðrik Arngrímsson, Vil- hjálmur Egilsson og Orri Hauksson hafa allir staðfest frásögn mína, að því er snýr að þeim, en Jón Steindór Valdimarsson svaraði ekki skila- bodum.)

Höfundur er prófessor í stjórnmálafræði.